

Efnahags- og viðskiptaráðuneyti

Minnisblað

F11.mál

Viðtakandi: **Viðskiptanefnd**
Sendandi: **Efnahags- og viðskiptaráðuneytið**
Dagsetning: **24.08.2011**
Málsnúmer: **EVR09100276**
Bréfalykill: **5.1**

Efni: **Frumvarp til laga um ökutækjatryggingar**

Í framhaldi af fundi viðskiptanefndar föstudaginn 19. ágúst sl. um frumvarp efnahags- og viðskiptaráðherra til laga um ökutækjatryggingar þá sendist nefndinni hér nokkrir punktar um álitæfni frumvarpsins.

Flestar af þeim breytingatillögum sem ráðuneytið leggur til voru kynntar á fundi nefndarinnar og verður ekki fjallað um þær hér. Tillögurnar í heild sinni má lesa í meðfylgjandi breytingatillöguskjali.

Nýjar tillögur eru eftirfarandi:

1) Lagt er til að 12., frumvarpsins, er verður 13. gr. kveði á með mun skýrari og ítarlegri hætti um úrræði vegna óváttryggðra ökutækja. Lagt er til að lagt verði á sérstakt vantryggingagjald vegna þeirra ökutækja sem óváttryggð eru en skráð í umferð. Líkt og lauslega var minnst á fundi nefndarinnar þá standa hugmyndir til að fela einhverju sýslumannsembættinu álagningu og innheimtu gjaldsins. Efnahags- og viðskiptaráðuneytið hefur kynnt innanríkisráðuneytinu þessa hugmynd við ágætis viðtökur, búist er við að formleg afstaða þess liggja fyrir í vikunni. Við vinnslu á tillögu þessari naut ráðuneytið góðs af ráðgjöf Jónasar Guðmundssonar, sýslumanns á Bolungarvík. Tillaga að álagningu gjaldsins kom fyrst fram í umsögn hans við frumvarpið og vísað til umsagnarinnar hvað varðar frekari rökstuðning fyrir tillögunni.

2) Í samræmi við umsögn sýslumannsins í Bolungarvík er lagt til að 23. gr. frumvarpsins falli brott. Í ákvæðinu er fjallað um viðurlög við því að nota óváttryggð ökutæki. Hætt er við að erfitt verði að sanna að sá sem beita á viðurlögum vissi eða mátti vita að ökutækið sem hann notaði hafi verið ótryggt. Getur þetta leitt til þess að refsíákvæðinu verði ekki beitt með samræmdum hætti og vissst ójafnræði skapist varðandi það hverjir eru látnir sæta viðurlögum og hverjir ekki.

3) Til að taka á þeim tilfellum er ökutæki sem tryggt eru slysatryggingu ökumanns og eiganda eru notuð í sérstökum tilgangi s.s. við leik, æfingar eða keppni er lögð til breyting á a. lið 1. mgr. 24. gr. Tillögð breyting felur í sér að sú skylda er lögð á ráðherra að setja reglugerð þar sem fjallað er um við hvaða aðstæður tjónþoli á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda s.s. þegar vélsleðamaður slasast er hann ferðast um þekkt sprungusvæði eða þegar tjónþoli er við æfingar eða keppni í akstursíþrótt.

4) Lagt er til að Fjármálaeftirlitið sinni eftirliti með framkvæmd laganna, sbr. 25. gr. frumvarpsins. Að vel athuguðu máli þá komst ráðuneytið að þeirri niðurstöðu að eðlilegast sé að Fjármálaeftirlitið sinni eftirlitinu, enda snúast mörg ákvæði frumvarpsins aðeins um nánari útfærslu, s.s. tímafresti og annað, á atriðum sem þegar er kveðið á um í lögum um váttryggingarsamninga sem Fjármálaeftirlitið sinnir eftirliti vegna. Tillaga þessi er í samræmi við umsögn SFF um frumvarpið.

Ein af þeim tillögum sem kynnt var viðskiptanefnd sl. föstudag lítur að undanþágum frá skráningar- og váttryggingarskyldu vegna ákveðinna ökutækja s.s. rafmagnshjólástóla. Ráðuneytið hefur lagt í nokkra vinnu við að afla upplýsingum og draga fram sjónarmið frá hinum ýmsu aðilum. Meðfylgjandi eru drög að skráningarhandbók sem Vinnueftirlit ríkisins hefur unnið að, en í henni má sjá þær mismunandi tegundir

vinnuvéla sem eftirlitið sér um skráningu og eftirlit vegna. Jafnframt fylgir með samantekt frá Umferðarstofu þar sem taldar eru til þær vinnuvélar, skv. flokkun í drögum að vinnuvélahandbók, sem Umferðarstofa telur að geti verið í almennri umferð og ættu að vera skráningarskyldar. Að lokum fylgir með minnisblað SFF um ábyrgðartryggingu vinnuvéla og listi yfir hvaða tegundir ökutækja skuli a) einungis skrá og ábyrgðartryggja, b) hverjar skulu skrá, ábyrgðartryggja og tryggja slysatryggingu ökumanns og eiganda og c) hverjar skuli alfarið undanskyldar skráningar- og vátryggingarskyldu.

Minnisblað

Óváttryggð ökutæki í umferð

Samkvæmt upplýsingum frá Umferðastofu þá eru 7485 óváttryggðir bílar í umferð. Afar brýnt er að leita leiða til að fækka óváttryggðum ökutækjum. Samkvæmt 13. gr. reglugerðar um lögmæltar ökutækjatrýggingar nr. 424/2008 ber lögreglu að klippa skráningarnúmer af óváttryggðum ökutækjum. Reynslan hefur sýnt að þessi tilhögun er óskilvirk. Lögreglan hefur ekki sinnt þessu verkefni sem skyldi, hugsanlega vegna mannekle og annarra brýnna verkefna. Í ljósi þess að lögreglan hefur ekki séð sér fært að sinna þessu verkefni er eðlilegt að aðrar leiðir verði skoðaðar svo þessu hlutverki sé framfylgt. Það verður að teljast óeðlilegt að ríkisvaldið bæði neiti eða er ekki fært að sinna þessu verkefni og heimili ekki öðrum aðilum sem er fært að sinna því tækifæri til að gera það.

Æskilegt er að heimilt sé að fela sjálfstæðum aðilum t.d. vörslusviptingaraðilum eða váttryggingafélögum að sjá um að fjarlægja skráningarmerki af óváttryggðum ökutækjum..

Framkvæmd í nágrannalöndum:

Noregur

- Þar hafa aðeins *tollyfirvöld* og *norwegian public roads administration* heimild til að fjarlægja skráningarnúmer af bílum. Lögreglan hefur ekki þessa heimild.
- Hingað til hefur framkvæmdin ekki verið mjög virk, og hafa aðrar leiðir verið skoðaðar.
- Það er í vinnslu að taka upp myndavélakerfi þar sem skanni les númeraplötur á ökutækjum sem fara fram hjá og tölvukerfi ber saman við skrá yfir óváttryggð ökutæki.
- Umfjöllun um kerfið má finna [hér](#).

Finnland

- Í Finnlandi eru skráningar númer ekki klippt af ótryggðum ökutækjum og það liggur ekki sekt við því að vera með óváttryggt ökutæki.
- Ef ökutæki er óváttryggt sendir lögreglan eða *vehicle administration authorities* upplýsingar til *finish motor insurers' center* sem sendir eiganda ökutækisins rúkkun um iðgjöld sem hafa verið hækkuð.
- *The finnish moter insurers' center* ákveður hvert iðgjaldið er en það getur í það mesta orðið fjóru sinnum eðlilegt iðgjald. Ef skaði verður vegna óváttryggðs ökutækis getur iðgjaldið orðið tíu sinnum hærra en eðlilegt iðgjald. Það þarf ekki dóm til að framfylgja því að rukka iðgjaldið en það er sent til innheimtu, eftir að áminning hefur verið send 2 sinnum á eiganda ökutækisins.
- Ríkið og fyrirtæki í einkaeigu vinna sameiginlega að því að fylgjast með óváttryggðum ökutækjum með sameiginlegum gagnagrunni.

Danmörk

- Í Danmörku þá er það lögreglan sem hefur heimild til að fjarlægja skráningarnúmer af óvátryggðum ökutækjum.

Svíþjóð

- Skráning yfir ökutæki og yfir vátryggð ökutæki hjá tryggingafélögum er sameiginlegt og því hægt að bera saman hvaða ökutæki eru ótryggð. Vátryggingafélögin senda tilkynningu til sameiginlegs gagnagrunns um skráða bíla og bíla sem eru vátryggðir þegar bíll er tryggður hjá félaginu.
- Ef tryggingin verður ógild af einhverri ástæðu þá senda félögin tilkynningu um það í gagnagrunninum og frá hvaða degi tryggingin varð ógild. Ef engin gild trygging finnst í gagnagrunninum þá er tilkynning send til *swedish motor insurers*.
- Hátt gjald er lagt á eigendur ótryggðra ökutækja sem "swedish motor uninsured" dregur (draws from) eigendum ökutækja, slík sekt leggst á eiganda ökutækis allan tíman meðan ökutækið er óvátryggt. Skiptir þá ekki máli hvort bíllinn er í notkun eða ekki, verður að hafa verið tímabundin afskráður svo að slík sekt sé ekki lögð á. Auk þess er heimild til að krefja eiganda ökutækisins um bætur sem greiðast þurfa vegna ökutækisins.
- Gagngrunnurinn yfir ökutæki og vátryggð ökutæki er rekin af *Swedish National Road Administration*.
- Gjaldið er vanalega 10% hærra en hæðstu mögulegu löggjöld hjá öllum tryggingafélögum en aldrei minna en 200 sek. Peningurinn er svo notaður í að greiða rekstrarkostnað v. *Swedish national road administration*. Það er þó alltaf einhver afgangur á hverju ári sem fer í það að greiða bætur vegna tjóns sem ótryggð ökutæki valda.
- Þetta kerfi hefur verið í gildi frá árinu 1987. Á árunum 1978-1998 var fjöldi ótryggðra ökutækja í umferð 1,83-1,31 %. Eftir að þetta kerfi tók gildi hefur þetta farið niður í 0,95%. Áður var það þannig að tjón vegna óvátryggðra ökutækja var að mestu greitt af "löghlýðnum" eigendum bíla sem keyptu tryggingar en nú er stórt partur greiddur af þeim sem ekki kaupa tryggingu á bílinn.

VH

BREYTINGATILLAGA

1. gr.

Við 3. gr. frumvarpsins bætast tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Aðildarríki er ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, aðili að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjar.

Umráðamaður er sá aðili sem hefur varanleg umráð ökutækis.

2. gr.

Á eftir 3. gr. frumvarpsins kemur ný grein er orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði umferðalaga um skráningarskyldu ökutækja skulu ökutæki skv. 1. mgr. 3. gr. skráningarskyld samkvæmt lögum þessum. Umferðarstofa annast skráningu og ákveður skilyrði hennar. Ökutæki sem jafnframt eru skilgreind sem vinnuvél í skilningi laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum skulu einnig skráð hjá Vinnueftirliti ríkisins sbr. 49. gr. þeirra laga.

3. gr.

b-liður 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins, er verður b-liður 1. mgr. 8. gr., breytist þannig:

Í stað orðanna „ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum“ kemur: aðildarríki.

4. gr.

1. mgr. 8. gr. frumvarpsins, er verður 1. mgr. 9. gr., breytist þannig:

Í stað orðsins „ökutækinu“ kemur: ökutæki sem ætlað er til notkunar á vegi í almennri umferð.

5. gr.

1. másl. 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins, er verður 1. másl. 1. mgr. 11. gr., orðast svo:

Vátryggingariðgjald ökutækis hvílir sem lögveð á ökutækinu, einnig þótt vátryggt sé fyrir hærri fjárhæð en lögboðið er, og gengur í eitt ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum sem á því hvílir nema sköttum til ríkissjóðs. Lögveðið fellur ekki niður við eigendaskipti.

6. gr.

12. gr. frumvarpsins, er verður 13. gr. orðast svo:

Nú berst Umferðarstofu tilkynning um að vátrygging ökutækis sé úr gildi fallin sbr. 1. mgr. 12. gr. og skal þá lagt á mánaðarlegt gjald, vantryggingagjald, frá þeim degi er tilkynning barst, sem eigandi eða umráðamaður ökutækis skal greiða

Fjárhæð vantryggingagjalds má vera allt að 30.000 kr. á mánuði. Heimilt er að ákveða lægri fjárhæð fyrir tiltekna flokka ökutækja. Þá má ákveða að ef tilkynning vátryggingafélags skv. 1. mgr. er afturkölluð innan mánaðar frá dagsetningu álagningarbréfs eða ökutæki er skráð ótímabundið úr umferð innan sama tíma, megi lækka það um 50%. Gjaldið skal ekki leggjast á oftari en 10 sinnum vegna sömu tilkynningar og heildarfjárhæð þess vera að hámarki 300.000 kr.

Vantryggingagjald ásamt innheimtukostnaði skal njóta lögveðs í ökutækinu í samræmi við ákvæði 11. gr. og fjárnámsréttar hjá eiganda eða umráðamanni ökutækis án undangengins dóms eða sáttar.

Falli vátrygging úr gildi, sbr. 1. mgr., má leggja bann við notkun ökutækis. Til að framfylgja því banni má fjarlægja skráningarmerki ökutækis, festa á það tilkynningu um bann

við notkun þess eða nota til þess gerðan tækjabúnað til að hindra notkun. Heimilt er þeim sem fer með innheimtu gjaldsins að leita aðstoðar lögreglu við aðgerðir skv. þessari grein.

Eiganda eða umráðamanni ökutækis skal án tafar send tilkynning með sannanlegum hætti um álagningu vantryggingagjalds og réttaráhrif hennar og eftir atvikum um bann við notkun ökutækis. Skal honum veittur 14 daga frestur frá birtingu til að annað hvort greiða iðgjald vátryggingar sem er í vanskilum og áfallið vantryggingagjald auk kostnaðar eða til að skrá ökutæki ótímabundið úr umferð. Sé ökutæki skráð úr umferð má fresta frekari innheimtuaðgerðum í allt að þrjá mánuði. Að öðrum kosti er heimilt án frekari tilkynninga að óska nauðungarsölu á ökutækinu, hefja aðrar aðgerðir til innheimtu gjaldsins eða hefja aðgerðir til að aftra notkun ökutækisins.

Ekki er heimilt svo gilt sé að greiða álagt vantryggingagjald nema tilkynning til Umferðarstofu skv. 1. mgr. hafi verið afturkölluð eða ökutæki skráð ótímabundið úr umferð.

Takist ekki birting skv. 5. mgr. eða sé erfiðleikum háð má að liðnum einum mánuði frá álagningu vantryggingagjalds opinberlega birta tilkynningu þar sem fram kemur skráningarnúmer ökutækis, nafn skráðs eiganda eða umráðamanns þess og eftir atvikum lýsing ökutækis þess sem sætt hefur álagningu gjaldsins. Telst slík birting jafngilda birtingu greiðsluáskorunar skv. ákvæðum laga um nauðungarsölu.

Heimilt er þeim sem annast álagningu eða innheimtu vantryggingagjalds að halda úti vefsíðu þar sem birt eru skráningarnúmer þeirra ökutækja sem á hvílir vantryggingagjald hverju sinni.

7. gr.

16. gr. frumvarpsins, er verður 17. gr., breytist þannig:

Í stað orðanna „ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum“ kemur: aðildarríki.

8. gr.

17. gr. frumvarpsins, er verður 18. gr., breytist þannig :

Í stað orðanna „ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum“ kemur: aðildarríki

9. gr.

23. gr. frumvarpsins fellur brott.

10. gr.

24. gr. frumvarpsins, breytist þannig:

a-liður. 1. mgr. orðast þannig: um rétt til greiðslu bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda vegna sérstakrar notkunar ökutækja, s.s. við leik, æfingar eða keppni,

Á eftir c-lið 1. mgr. kemur nýr liður svohljóðandi:

d. um málsmeðferð við álagningu og innheimtu vantryggingagjalds skv. 13. gr., og hvaða stjórnvald annast álagningu og innheimtu þess, um þóknun vegna innheimtu, fjárhæð gjalds og skilyrði lækkunar þess.

b-liður 2. mgr. orðast svo: undanþágur frá skráningar- og vátryggingarskyldu skv. lögum þessum vegna ákveðinna ökutækja,

d-liður 2. mgr. fellur brott.

11. gr.

25. gr. frumvarpsins, orðast svo:

Fjármálaeftirlit fer með eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim.

Vinnuvélar og tæki í eftirtöldum flokkum telur Umferðarstofa að geti verið í almennri umferð.

- BG. Grindarbómukranar á hjólum, lyftigeta > 18 tm.
- BS. Vökvakranar með skotbómu, lyftigeta > 18 tm.
- DA. Farandkranar, lyftigeta \geq 1000 kg en \leq 18 tm.
- DK. Körfukranar og körfulyftur, lyftigeta > 150 kg.
- DS. Steypudælukranar
- EA. Gröfur á hjólum með 360° snúning, eiginþyngd > 4 tonn.
- EH. Gröfur á hjólum (traktorsgröfur), eiginþyngd > 4 tonn.
- FH. Ámokstursskóflur á hjólum (hjólaskóflur), eiginþyngd > 4 tonn.
- GS. Borvagnar og bortæki, eiginþyngd > 4 tonn. **(ef á hjólum)**
- HV. Vegheflar, eiginþyngd > 4 tonn.
- IA. Dráttartæki, hreyfill >15 kW.
- IB. Sópar, snjóplógar og blásarar, vélbörur o.fl., hreyfill >15 kW.
- ID. Dráttarvélar með tækjabúnaði, hreyfill >15 kW.
- IF. Efnisdælar, blöndunarvélar, dembarar o.fl., ökuhraði \leq 30 km/klst, burðarg. > 5 tonn.
- II. Sérþúnar vinnuvélar í iðjuverum, hreyfill >15 kW. **(þó hæpið að sé í almennri umferð)**
- IM. Gröfur og skóflur, eiginþyngd \leq 4 tonn. **(ef á hjólum)**
- IT. Dráttartöggar, hreyfill > 15 kW. **(þó hæpið að sé í almennri umferð)**
- JF. Lyftarar með skotbómu, lyftigeta \geq 1,2 tonn en \leq 10 tonn miðað við 0,6 m hlasmíðju.
- JL. Lyftarar, lyftigeta \geq 1,2 tonn en \leq 10 tonn miðað við 0,6 m hlasmíðju.
- JV. Afgreiðslutæki á flugvöllum, hreyfill >15 kW.
- KG. Lyftarar, lyftigeta > 10 tonn.
- KL. Lyftarar með skotbómu, lyftigeta > 10 tonn.
- LS. Valtarar, hreyfill > 15 kW.
- MM. Útlagningarvélar og fræsarar, hreyfill > 15 kW.
- RM. Jarðborar sem geta flutt sig úr stað með eigin vélarafli, eiginþyngd > 10 tonn.
- SE. Sláttuvélar og ýmis flutningatæki, hreyfill > 10 kW en \leq 15 kW.
- VL. Lyftiverkpallar, t.d. skæralyftur, turnlyftur o.fl.

Tegund okutækis	Abyrgð	SOE
Einkabifreið	Já	Já
Fornbifreið	Já	Já
Leigubifreið	Já	Já
Húsbifreið	Já	Já
Sendibifreið gegn borgun	Já	Já
Sendibifreið í atvinnurekstri	Já	Já
Lögreglubifreið	Já	Já
Sjúkrabifreið	Já	Já
Slökkvibifreið	Já	Já
Vörubifreið	Já	Já
Pung bifhjól	Já	Já
Létt bifhjól	Já	Já
Vespa	Já	Já
Vélsleði	Já	Nei
Fjór hjól	Já	Nei
Endúrhjól	Já	Nei
Krossari	Já	Nei
Klifurhjól	Já	Nei
Torfæruhjól	Já	Nei
Vegahjól	Já	Já
Ferðahjól	Já	Já
Götu hjól	Já	Já
Sporthjól	Já	Já
Hippi	Já	Já
Fornhjól	Já	Já
Rafmagnsvespa	Já	Já
Rafmagnshjól	Nei	Nei
Rafmagnshjólástóll	Nei	Nei
Dráttarvéi	Já	Já
Tankbifreið	Já	Já
Vinnuvélar	nei	nei
Lyftarar	nei	nei
Kranabifreið	Já	Já
Dráttarbifreið	Já	Já
Steypubifreið	Já	Já
Fyrirtækjarúta	Já	Já
Hópfærðabifreið	Já	Já
Strætisvagn	Já	Já
Bíaleigubifreið	Já	Já
Snjóbifreið	Já	Já
Tjaldvagn	Nei	Nei
Hjólhýsi	Nei	Nei
Fellihýsi	Nei	Nei
Tengivagn	Nei	Nei
Kennslubifreið	Já	Já
Strætó	Já	Já
Golfbílur	Nei	Nei
Gokart bílar	Nei	Nei
Keppnisviðaukar	Já	Nei

Endurórhjól eru oft á hvítum númerum og því götuskráð. Þyrftu í þeim tilfellum vera með SÖE skyldu til samræmis við önnur götuskráð mótörhjól

Eðlilegt að fá að undanskilja SÖE í tilfalli keppna í rally, railycross, kvartmílu, torfæru o.s.frv. En rétt að veita 3ja manni vernd þjónarmið að menn eigi að bera ábyr